



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 19. mars 1987.

119. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans fimmtu-
daginn 27. febrúar 1987 og hófst hann kl. 17.-

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Arnason, skólameistari, Ingimundur Guðnason, Jón Gunnarsson, Hilmar Þ. Hilmarsson, Eggert Ólafsson, Bogi Hallgrímsson, Gylfi Gunnlaugsson, Valtýr Guðjónsson, reikningshaldari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari og Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Gengið til dagskrár.

1. Efnahags og rekstursreikningur skólans lagður fram til afgreiðslu.

Valtýr Guðjónsson mætti á fundinn og skýrði Efnahags-og reksturs-reikning skólans. Skólameistari og formaður skólanefndar þökkðu Valtý góðan og vel upp settan reikning. Valtýr svaraði spurningum sem fram komu um einstaka liði reikningsins. Í máli Valtýs kom fram þakklæti til sveitarfélaganna fyrir dyggan stuðning þeirra við skólann.

Eftir umræður voru reikningar skólans bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

Nokkrar umræður urðu um stöðu einstakra sveitafélaga en eins og fram kemur í ársreikningnum er staða þeirra nokkuð misjöfn og vísast til hans í því sambandi.

2. Húsnæðismál.

Formaður gerði grein fyrir stöðu húsbyggingarmála og greindi frá því að útbóð yrðu auglýst á næstu dögum. Formaður ræddi um bréf sem sent hefur verið til sveitarstjórna á Suðurnesjum vegna leiða til fjármögnunar á viðbyggingu skólans. Enn hafa ekki komið viðbrögð frá öllum sveitarfélögunum, en þess vænst að þau muni liggja fyrir á næsta fundi.

Fram kom að tekið hefur verið skammtímalán 1 millj kr. til að greiða hönnunarkostnað og fleira.

3. Tölvukaup.

Tölvukaup skólans voru rædd. Skólameistari mælti með tillögu um að kaupa tölvu í gegnum menntamálaráðuneytið sem mælt hefur verið með af Háskóla Íslands og umsjónarmanni með tölvu í FS. Tölvun er að gerðinni A.T. og kostar um kr. 100.000.- Samþykkt var að tölvuvæða fjárhagsbók-hald skólans í kjölfar þessara tölvukaupa.

4. Önnur mál.

a) Skólameistari greindi frá brautskráningu 14 skipstjóra. Um er að ræða réttindanám til skipstjórnar á 200 lesta skipum. Skólameistari dreifði upplýsingum um skipstjórnarbraut. Hann ítrekaði nauðsyn þess að réttinda verði aflað frá menntamálaráðuneytinu til að starfrækja skipstjórnarbraut.

Haft hefur verið samráð við skólastjóra stýrimannaskólans um uppbyggingu námsins. Samþykkt var að sækja um þetta leyfi.

b) Bréf hefur borist frá Arnbirni Jóhannessyni, kennara við FS þar sem hann fer þess á leit að frá greiddan fargjaldastyrk. Í bréfi þessu færir Arnbjörn rök fyrir beiðni sinni og vísar í því sambandi til gildandi reglna.

Formaður skólanefndar reifaði reglur um greiðslu fargjalda kennara. Hann greindi frá umræðum á samráðsfundi skólameistara skólastjóra og formanna skólanefnda á Suðurnesjum um greiðslur ferðastyrkja. Fram kom að á flestum stöðum tíðkast einhverjar greiðslur til kennara vegna ferðakostnaðar, en ekki er á þessu stigi samstaða um að taka upp samræmdar reglur vegna mismunandi aðstæðna hjá sveitarfélögum.

Eftir nokkrar umræður samþykkti skólanefnd að greiða kennurum áfram eins og ákveðið var á fundi nefndarinnar s.l. haust, en með fyrirvara um endurskoðun síðar ef ástæða þykir til. Samstaða var um að fallast á rök Arnbjarnar um greiðslu ferðastyrks.

c) Bréf hefur borist frá SKÓSUÐ, félagi skólastjórnenda á Suðurnesjum þar sem reifuð er hugmynd um að sveitarfélögin á Suðurnesjum reisi skíða-skála í námunda við þjónustumiðstöðina í Bláfjöllum.

Samþykkt var að styðja athugun á málinu og því vísað til stjórnar SSS.

d) Skólameistari lagði fram til kynningar frumvarp til laga um framhalds-skóla.


e) Þann 11. mars verður haldinn kynningarfundur fyrir foreldra á starfs-semi FS og hefst hann kl. 20:30.

f) Lagt var fram erindi frá JC Suðurnes þar sem þess er farið á leit að skólinn samþykki notkun íþróttahússins undir iðnsýningu. Skólameistara var falið að taka afstöðu til málsins í samráði við aðra hagsmunaaðila.

g) Akstur nemenda í Keflavík var ræddur. Dregið hefur úr aðsókn nemenda í skólabílinn. Samþykkt var að skoða málið nánar eftir u.þ.b. mánuð.

Fleira ekki gert.

Formaður þakkaði góða fundarsetu og sleit síðan fundi.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.



Hilmar P. Hilmarsson,
fundarritari.